



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 132/1554
komudagur 7. 4. 2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Kópavogi 4. apríl 2006.

Fyrir liggur beiðni heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis um umsögn Læknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu, 220. mál 132. löggjafarþings og um tillögu til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, 162. mál sama þings.

Stjórn Læknafélags Íslands þakkar umbeðnar umsagnir og fagnar þeim áhuga, sem þingmenn sýna forvörnum til að auka heilbrigði landsmanna. Stjórnin telur ábendinguna um hreyfingu sem þátt í meðferðarúrræðum vegna sjúkdóma sjálfsagða.

Auglýsingabann á tiltekin matvæli á tilteknum tímum dags telur stjórnin hins vegar vandasamara úrlausnarefni, þó ekki væri fyrir annað en skilgreiningar á því, hvað telst mönnum vera óhollt og hvað hollt. Það getur t.a.m. orðið ágreiningsmál hvort sykraðar mjólkurafurðir, sem eru að tíunda hluta íblandaður hvítur sykur, eigi að flokka með gosdrykkjum, hvort vara eigi við kolvetnaríkri fæðu eins og pastavörum og pítsum og hvort gera eigi upp á milli mismunandi örbylgjupopps, sem sumt er hlaðið harðri fitu og salti. Eins inniheldur ýmislegt kexmeti, sem af almenningi er talið hversdagsleg dagvara, harða fitu, sem er langt umfram það, sem eðlilegt getur talist í undirstöðugóðum og fjölbreyttum mat.

Stjórn Læknafélags Íslands vill vísa til þess, að á liðnu vori samþykkti hið háa Alþingi þingsályktun að tillögu yðar, sem fól í sér fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Stjórn LÍ er kunnugt, að nefnd sú, sem forsætisráðherra skipaði til að fylgja eftir fyrirmælum Alþingis hefur rætt efnisatriði beggja ofangreindra þingsályktunartillagna og gera má ráð fyrir að tillögur um þau megi finna í niðurstöðum nefndarinnar. Stjórn LÍ sýnist því skynsamlegt og mælir með því að beðið verði tillagna þessarar nefndar og Alþingi bregðist við, ef tillögur hennar teljast ófullnægjandi.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Sigurbjörn Sveinsson, formaður.